

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um póstnúmer Kjósarhrepps.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvers vegna er póstnúmer Kjósarhrepps 276 Mosfellsbær en ekki 276 Kjós eins og sveitarstjórn hefur ítrekað óskað eftir?

Samkvæmt 15. gr. laga um póstþjónustu, nr. 98/2019, ákvarðar Byggðastofnun landfræðileg mörk póstnúmera og gefur út póstnúmeraskrá. Ráðuneytinu er kunnugt um að Kjósarhreppur beindi erindi til Byggðastofnunar í mars sl. þar sem þess var óskað að póstnúmeri sveitarfélagsins yrði breytt í 276 Kjós. Ákvörðunum sem Byggðastofnun tekur á grundvelli laga nr. 98/2019, um póstþjónustu, má skv. 42. gr. laganna skjóta til úrskurðarnefndar fjar-skipta- og póstmála og koma því ekki til meðferðar í ráðuneytinu.